



Reykjavík 10.01.2020

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 8. janúar 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### **Teigahverfi**

Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis. Í breytingunni felst að hluti af grassvæði á milli núv. gangstéttar og eystri lóðarmarka Sigtúns 30 verði breytt í grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 2 bílastæði við hana verði fjarlægð og því fækki bílastæðum úr u.þ.b. 14 í 12, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


*Glóey Helgudóttir Finnsdóttir*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020.

# TEIGAHVERFI, staðgreinir 1.360-1.365

## Breyting á deiliskipulagi vegna staðsetningu grenndargáma við Sigtún



### NÚGILDANDI DEILISKIPULAG

mvk. 1:1000

Í gildi er endurskoðað deiliskipulag Teigahverfis (syðri hluti) sem samþykkt var í Borgarráði 02.07.2002

### EFTIRFARANDI BREYTINGAR VORU GERÐAR Á DEILISKIPULAGINU:

Gullteigur 19, leikskólinn Hof, samþykkt 16.05.2019

Teigahverfi, samþykkt 19.07.2018

Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli. Samþykkt í Borgarráði 5. júlí 2018 og á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31.08.2018

Hraunteigur 3, samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 29.03.2017

Hrísateigur 14, á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 08.01.2016

Hrísateigur við Laugalæk, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21.08.2015

Hrísateigur 14, samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 19.11.2014

Kirkjuteigur 21, samþykkt í skipulagsráði 17.10.2012 og í Borgarráði 25.10.2012

Laugarnesskóli, samþykkt í Borgarráði 19.05.2011 og á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15.07.2011.

Lauganesvegur 36 samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15.08.2008

Gullteigur 4, samþykkt í Borgarráði 18.05.2006

Lauganesvegur 34, samþykkt í Skipulagsráði 09.11.2005


Sundlaugavegur 8, samþykkt í Skipulagsráði 10.08.2005

Hrísateigur 6, samþykkt í Skipulagsráði 22.06.2005 og í Borgarráði 30.06.2005

Hraunteigur 8, samþykkt í Skipulagsráði 12.01.2005

Laugarnesskóli, samþykkt í Byggingarnefnd 11.08.2004 og í Borgarráði 17.08.2004

Hraunteigur 14, samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 13.08.2003 og í Borgarráði 19.08.2003




### TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI


mvk. 1:1000

Gert er ráð fyrir að hluti af grassvæði milli núv. gangstéttar og eystri lóðamarka Sigtúns 30 verði breytt í grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 2 bílastæði við hana verði fjarlægð og því fækki bílastæðum úr u.p.b. 14 í 12. Gert er ráð fyrir að yfirborð grenndarstöðvarinnar verði hellulagt, hún verði afmörkuð með skjólgirðingu og gróðri í grennd við hana styrktur.

Grenndarstöðvar eru staðir þar sem einstaklingar geta sett flokkaðan úrgang í viðeigandi gáma. Markmiðstöðvanna er að auka flokkun úrgangs, draga úr urðum og stuðla að ábyrgari meðhöndlun úrgangs. Á grenndarstöðunum eiga að vera gámar fyrir pappír, plast, gler og dósir og/eða föt til góðgerðamála. Einnig verður upplýsingaskilti við stöðina og á því ílát kassi sem setja má í notaðar rafhlöður.




### FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR



### SKJÓLGIRÐING

### SKILTÍ



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-30

— — — — — MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGA

██████████ GRENNDARGÁMASTÖÐ

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010

var samþykkt í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

\_\_\_\_\_ 20\_\_

Skipulagsfulltrúi

Dags. 06.01.2020

**hornsteinar**  
arkitektar ehf

vinnustofa íngólfsstræti 5, 101 reykjavík

sími: 511 7011

netfang: hornsteinar@hornsteinar.is